



Vegagerðin
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík.

Patreksfjörður 27.05.2022

Efni: Umsókn um sjóvörn við veg frá hafnarsvæði Patreksfirði að Yxnahamar.

Með bréfi þessu er óskað eftir að Vegagerðin láti vinna hönnun og í framhaldi framkvæmdir á sjóvörnum við Yxnahamar Patreksfirði.

Á leiðinni frá hafnarsvæði á Patreksfirði út með firðinum í átt að Yxnahamar er farið veg sem liggur með sjónum á uppfyllingu sem nú er farinn að láta verulega mikið á sjá.

Skipulagsbreytingar hjá sveitarfélaginu Vesturbyggð, gera ráð fyrir að framtíðar svæði til söfnunnar og flokkunnar í úrgangsmálum sveitarfélagsins verði staðsett á Engjum utan við bæinn. Búið er að frumvinna deiluskipulagsbreytingu sem tekur mið af þessu verklagi, skipulagið verður ef allt gengur eftir klárað fyrri part sumars 2022

Stefnt er á að farið verði að vinna málaflokk úrgangsmála á nýju svæði og þarf leiðin að því svæði að vera góð og örugg, því er óskað eftir að Vegagerðin láti fara fram þá vinnu sem þurfa þykir til að svæðið geti tekið við þeirri umferð sem þar mun fara um.

Óskað er eftir að við afgreiðslu málsins verði haft til hliðsjónar að stærð svæðis leyfi landfyllingu þannig að bátauppsátur geti komist fyrir á svæðinu en heildarlengd svæðisins er ca. 250 metrar og breidd á fyllingu ca. 30 metrar.

Vesturbyggð hefur aðgengi að efni til verksins þar með talið grjót í rofavörn. Fjarlægð á efni til vinnusvæðis væri ca 1500 metrar en efnið er lagrað sem umframefni vegna vinnu við ofannflóðagarða á Patreksfirði.

Framkvæmdin er í samræmi við 5. gr. sjóvarnalaga nr. 28/1997 er kveðið á um að landsvæði sem verja á, svo og varnarmannvirkin sjálf, hafi fengið meðferð samkvæmt skipulagslögum. Aðalskipulag er í gildi en ekki eru til staðar deiliskipulag af svæðinu.

Meðfylgjandi eru myndir sem sýna staðsetningu á því svæði sem óskað er eftir að framkvæmt verði á.

Virðingarfyllst,

Geir Gestsson
Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
Vesturbyggðar



Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

